

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vættaborgir 31.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 2. júní 2017, breytingu á deiliskipulagi Borgarhverfis A hluta vegna lóðarinnar nr. 31 við Vættaborgir. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til suðurs og aukning á byggingarmagni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Korngarða 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 2. júní 2017, breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 3 við Korngarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður að hluta á suðvestur horni reitsins til suðurs og hækkun á nýtingarhlutfalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 29. maí 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2017